


Peningamál í hnotskurn



Þótt alþjóðlegur hagvöxtur hafi verið heldur meiri á fyrri hluta þessa árs en áður var áætlað eru vísbendingar um að hann hafi gefið meira eftir á seinni hluta ársins. Horfur fyrir næsta ár hafa einnig versnað. Orkukreppan sem skall á í Evrópu í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu heldur áfram að dýpka og alþjóðleg verðbólga hefur aukist mikið. Framfærslukostnaður heimila og rekstrar-kostnaður fyrirtækja hafa því hækkað verulega og fjármálaleg skilyrði versnað. Hagvaxtarhorfur fyrir helstu viðskiptalönd hafa því versnað enn frekar og á næsta ári er spáð minnsta hagvexti í helstu viðskiptalöndum frá árinu 2009 að frátöldum þeim samdrætti sem varð árið 2020 í kjölfar heimsfaraldursins.



Bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga benda til þess að hagvöxtur hér á landi hafi verið 6,8% á fyrri hluta ársins sem er heldur minni vöxtur en gert var ráð fyrir í ágústspá bankans. Talið er að hagvöxtur verði 5,6% á árinu í heild sem er 0,3 prósentum minni vöxtur en áður var spáð. Horfur fyrir næsta ár hafa hins vegar batnað og nú er spáð 2,8% hagvexti í stað 1,9% í ágúst. Þar vega horfur um hraðari vöxt innlendrar eftirspurnar þungt, m.a. vegna þess að endurskoðaðar tölur um þróun ráðstöfunartekna benda til þess að heimilin hafi meira borð fyrir báru til að styðja við útgjöld sín en áður var áætlað. Svipað og í ágúst er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði um 2½% á ári að meðaltali á seinni hluta spátímans.



Þótt störfum fjölgi enn milli ára hefur hægt á fjölguninni undanfarna mánuði og á þriðja árs-fjórðungi fækkaði þeim lítillega milli fjórðunga. Atvinnuþátttaka minnkaði einnig og atvinnuleysi jókst milli fjórðunga samkvæmt vinnumarkaðsskönnun Hagstofunnar. Aðrar vísbendingar af vinnumarkaði benda í sömu átt þótt atvinnuleysi sé áfram lítið, mikill skortur sé enn á vinnuafli og fjöldi lausra starfa mikill. Álag á framleiðsluþætti er því enn töluvert.



Verðbólga mældist 9,4% í október og jókst lítillega milli mánaða en hefur minnkað um 0,5 prósentur frá því að náði hámarki í júlí sl. Undirliggjandi verðbólga mælist einnig mikil og er verðbólga á sífellt breiðari grunni enda hefur meirihluti undirliða vísitölu neysliverðs hækkað talsvert í verði undanfarið ár. Verðbólga hefur þó ekki aukist eins mikið og óttast var í ágúst sem endurspeglar hraðari viðsnúning á húsnæðismarkaði og meiri lækkun eldsneytisverðs og flugfargjalda sl. haust en þá var gert ráð fyrir. Verðbólguhorfur til skamms tíma hafa því batnað en horfur lengra fram á veginn hafa lítið breyst. Nú er gert ráð fyrir að verðbólga verði 9,4% á síðasta fjórðungi ársins en taki svo smám saman að hjaðna í svipuðum takti og spáð var í ágúst.



Mikil óvissa er í efnahagsmálum. Stríðsátökin í Úkraínu hafa valdið miklu umröti á alþjóðlegum hrávörumörkuðum og sett viðskiptasambönd og aðfangakeðjur í uppnám. Átökin hafa leitt til orkukreppu í Evrópu sem ekki sér fyrir endann á. Svo gæti farið að það yrði alvarlegur orkuskortur sem kallaði á víðtæka skömmun á orkugjöfum sem leitt gæti til mikilla efnahagsþrenginga í álfunni. Gerist það er líklegt að hagvöxtur verði minni hér á landi en grunnspá bankans gerir ráð fyrir og verðbólga meiri. Verðbólguhorfur gætu einnig reynst of bjartsýnar ef yfirstandandi kjaraviðræður leiða til þess að laun hækki meira en grunnspá bankans gerir ráð fyrir. Þá yrði aukin hætta á að víxlverkun launa og verðlags fari af stað þar sem vísbendingar eru um að kjölfesta verðbólguvæntinga í verðbólgu-markmiði bankans hafi veikt.